

Greinargerð borgarfulltrúa Flokks fólksins með umræðu um verkefnið Betri borg fyrir börn og skilvirkni þess

Reykjavík hefur illa getað sinnt lögbundinni þjónustu við börn í Reykjavík þegar kemur að tilfinningalegum, félagslegum og öðrum sálrænum vanda eins og kvíða. Þess vegna voru miklar vonir bundnar við verkefnið betri borg fyrir börn þegar það var sett á fót, fyrst í Breiðholti. Í lýsingu á verkefninu segir að betri borg fyrir börn miði að því að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi. Færa þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna, veita viðeigandi stuðning sem fyrst og þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustumiðstöð hverfisins. Verkefnið betri borg fyrir börn hefur ekki tekist sem skyldi alla vega ef horft er til tveggja þátta, annars vegar að fagfólk er staðsett fjarri skólaumhverfi barnanna og hins vegar að biðlisti barna eftir fagfólki skóla, einna helst sálfræðingum og talmeinafræðingum, lengist með viku hverri.

Þess utan hefur innleiðing á verkefninu betri borg fyrir börn tafist von úr viti. Það er ekki að undra ef horft er til þess flókna ferils sem farið var í. Eitthvað hefur farið úrskaiðis og telur borgarfulltrúi Flokks fólksins að skilvirkni skorti. Þegar rýnt er í ferli og skipulag þessa verkefnis má sjá ótal flækjustig og fjölmörg skref sem mætti sleppa. Leiðin frá fagfólki til barns virðist býsna tyrfín.

Sett voru á laggirnar lausnateymi með það að markmiði að málin héldust innan veggja skólanna, þ.e. að færri beiðnir bærust til „miðstöðva“ en þar eru allir sálfræðingarnir staðsettir. Í lýsingu á ferlinu segir ennfremur að með þessu minnkar t.d. þörf á erindum til sálfræðings. Það er sem sagt allt kapp lagt á að barn hitti ekki sálfræðing. Lausnateymin vinna ekki með börnunum, aðeins starfsfólki, og reynt er að valdefla það. Borgarfulltrúa Flokks fólksins finnst erfitt að horfa upp á sérstakar aðgerðir til að börn þurfi ekki að hitta sálfræðinga og lausnateymi eigi heldur ekki að vinna með börnunum heldur foreldrum. Hver á eiginlega að vinna með börnunum?

Óskað er umræðu um ferlið og samhliða spyr borgarfulltrúi Flokks fólksins þeirrar spurningar hvort það sé nokkur furða að biðlistar lengist.

Ferli betri borgar fyrir börn

Skipaðir voru fimm starfshópar til að koma verkefninu af stað.

Skipaður var eigendahópur verkefnisins með sviðsstjórum, formanni verkefnastjórnar og fulltrúa miðstöðva.

Settur var á laggirnar stýrihópur innleiðingar.

Skipaðar voru verkefnisstjórnir betri borgar fyrir börn á hverri miðstöð sem samanstóðu af röð stjórnenda með hina ýmsu titla.

Og öll þessi hersing var svo í samvinnu við þjónustu- og nýsköpunarsvið.

Flokkur fólksins kallar eftir umræðu um skilvirkni verkefnisins og hvort ekki þurfi að endurskoða ferla og boðleiðir. Kallað er eftir umræðu um af hverju sálfræðingar skólanna starfi ekki í nærumhverfi barnanna. Kallað er eftir umræðu um fundafjölda og skilvirkni funda. Kallað er eftir umræðu um samskipti skólaþjónustu við foreldra og árangursmati. Frést hefur að starfsfólk sé ánægt. Því er sinnt af lausnateymum og deildir eru sagðar ánægðar, hvað sem þýðir.

Borgarfulltrúi upplifir þetta verkefni, sem vissulega er skref í rétta átt, afar flókið og óskilvirkt. Tengingin við börnin er lítil samkvæmt lýsingu og mestur tími fer í alls konar fundarhöld.